



FUNDARGERÐ VIÐSKIPTAMANNARÁÐS

7. fundur viðskiptamannaráðs Landsnets haldinn föstudaginn 23.2 2007 að Krókhálsi 5c. kl. 13.00.

Fundinn sátu:

| | |
|------------------------|-----------------------|
| Friðrik Friðriksson | Hitaveita Suðurnesja |
| Órlygur Jónasson | Rarik |
| Hreinn Frimannson | Orkuveita Reykjavíkur |
| Þorsteinn Sigurjónsson | Orkuveita Reykjavíkur |
| Þórður Guðmundsson | Landsnet |
| Martha Eiríksdóttir | Landsnet |
| Kristján Halldórsson | Landsnet |
| Íris Baldursdóttir | Landsnet |

Forföll boðuðu:

| | |
|---------------------|--------------------|
| Agnar Árnason | Norðurorku |
| Kristján Haraldsson | Orkubúi Vestfjarða |

Dagskrá:

1. Afl og orkujöfnuður - yfirlit yfir heildarframleiðslu og álag.
2. Kynning á nýjum skilmálum um kerfisþjónustu og vinnsluáætlanir.
3. Þróun gjaldskrár og flutningsverðs 2005-2007.
4. Skyndimarkaður fyrir raforku - næstu skref.
5. Önnur mál.

MEI opnaði fundinn og bauð fundarmenn velkomna eftir langt hlé á fundum viðskiptamannaráðs, en upplýsti að Landsnet hefði hug á að halda fundi í viðskiptamannaráði eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári.

1. Afl og orkujöfnuður - yfirlit yfir heildarframleiðslu og álag.

ÍB kynnti orkujöfnuð 2009 og afljöfnuður 2009/10 fyrir Ísland en þar kom m.a. fram að

- Raforkunotkun er talin munu vaxa um 7,7 TWh á árunum 2005 til 2009, sem samsvarar árlegum vexti upp á 17,8%. Megnið af vextinum er vegna orkufreks iðnaðar, en árlegur vöxtur í orkunotkun almennings er áætlaður um það bil 1,9%.
- Ef miðað er við meðalhitastig er áætlað að hámarks notkun á landsvísi nái 2024 MWh/h á árinu 2009. Til samanburðar var hámarks notkun á landsvísi á árinu 2005 1203 MWh/h. Þetta samsvarar spá upp á 68% aukningu í hámarks notkun á landsvísi miðað við meðalhita fram til ársins 2009.
- Áætlað er að fjárfesting í aukinni framleiðslugetu fram til ársins 2009 aukist um 837 MW og að uppsett afl verði 2407 MW árið 2009. Samanborið við uppsett afl upp á 1570 MW árið 2006, er þetta 53,3% aukning í framleiðslugetu.
- Raforkuframleiðsla á Íslandi er nægjanleg til að fullnægja hámarks aflþörf við allar aðstæður fram til ársins 2009.

Íris upplýsti að Landsnet myndi senda út bréf með upplýsingum um þær forsendur sem notaðar verða til grundvallar gerð kerfisáætlunar. Orkufyrirtækin eru beðin um að staðfesta að þær forsendur séu réttar eða koma á framfæri athugasemdum.

2. Kynning á nýjum skilmálum um kerfisþjónustu og vinnsluáætlanir.

KH kynnti áður send drög að ofangreindum skilmálum sem fyrirhugað er að taki gildi nú á vormánuðum. Engar stórvægilegar athugasemdir komu frá fulltrúum viðskiptamannráðs við skilmála um kerfisþjónustu Landsnets. Hins vegar voru gerðar athugasemdir við grein 5.4 þess efnis að þar sætu þau vinnslufyrirtæki sem önnuðust sína vinnslustýringu sjálf ekki við sama borð og þau sem létu Landsnet annast þá þjónustu fyrir sig. Þarna gæti verið um hagsmunaárekstra að ræða milli mismunandi hlutverks Landsnets þ.e. annars vegar sem kerfisstjóri og hins vegar sem verktaki við stýringu og gæslu virkjana.

Veittur var frestur til að skila athugasemdum til 8. mars. 2007.

3. Þróun gjaldskrár og flutningsverðs 2005-2007

MEI kynnti niðurstöður samantekta varðandi þróun flutnings og meðalverðs þar kom m.a. fram að:

- Á árinu 2006 voru 9,459 GWst. framleiddar beint inn á net Landsnets sem er um 14% aukning frá fyrra ári, þar af fóru 2,949 GWst. til almennings nota og 6,266 GWst. til stórnotenda þar sem aukningin var nær 21% milli ára.
- Heildarverð fyrir flutning til almennra nota var að meðaltali 97,55 aurar/KWst. og hækkar um 1,5% frá árinu 2005.
- Heildarverð fyrir flutning til stórnotenda var að meðaltali 42,39 aurar/kWst. og lækkaði um tæp 4% frá árinu 2005 sem skýrist fyrst og fremst af lækkingun á kerfisþjónustu sem náðist vegna hagstæðari samninga um innkaup.
- Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs á Íslandi um 11% þannig að þrátt fyrir hækkunir á gjaldskrá Landsnets á árinu 2006 fer meðalflutningskostnaður lækkanandi að raunvirði þegar tekið er tillit til verðlagsþróunar og aukinnar hagkvæmni í nýtingu flutningskerfisins.

Nokkrar umræður spunnust um innmötun en fram kom í máli OR að gjöld vegna innmötunar væru meðhöndluð sem hluti af söluverði orkunnar og kæmu ekki inn í tekjuramma dreifiveitunnar sem hluti af flutningi.

4. Skyndimarkaður fyrir raforku - næstu skref.

ÞG upplýsti um stöðu mála varðandi skyndimarkað fyrir raforku og samstarf við Nord Pool. Fulltrúar Nord Pool Spot væru væntanlegir til Íslands í lok mars og ráðgera að funda með orkufyrirtækjunum. Markmið heimsóknarinnar er að kalla eftir hugmyndum um fyrirkomulag og útfærslu sem myndi henta íslenskum markaðsaðstæðum og að heyra viðhorf íslenskra orkufyrirtækja til slíks raforkumarkaðar.

Stefnt er að því að niðurstaða liggi fyrir eigi síðar en 1. október í ár um það hvort Nord Pool Spot sé reiðubúið í þetta verkefni og eru fyrirhugaðar viðræður liður í því ákvarðanatökufæri fyrirtækisins.

Nokkrar umræður urðu um málið þar sem fram kom m.a. mikilvægi þess að fleiri en einn aðili tæki þátt í markaðinum til að tryggja virkni hans.

5. Önnur mál

a. Viðskiptamannaráð – skipan þess og fyrirkomulag starfsemi

Nokkrar umræður urðu um hlutverk Viðskiptamannaráðs, skipan þess og fyrirkomulag. Þar kom m.a. fram að viðskiptamannaráð ætti að vera:

- Óformlegur umræðu og samstarfs vettvangur þar sem þeir sem hafa áhuga geta tekið þátt í umræðunni.



- ráðgjafarnefnd viðskiptavina Landsnets og vettvangur til að koma sjónarmiðum á framfæri.
- Ekki væri ástæða til að setja fram formelgar starfsreglur né ákvæði í reglugerðir.
- Mæting væri frjáls og myndi m.a. ráðast af málefnum sem eru á dagskrá hverju sinni.
- Vettvangur fyrir Landsnet til að kynna nýjungar og breytingar fyrir viðskiptavinum
- Fundir skulu haldnir a.m.k. tvisvar á ári.

b. Þjónusta Landsnets

HS óskaði eftir að Landsnet bætti þjónustu sína við viðskiptavini og nefndi í því sambandi að uppgjör og reikningar bærust of seint og það tæki það tæki Landsnet oft langan tíma að svara erindum og taka ákvarðanir í einstökum málum er varða viðskiptavini or úrlausn mála. Að síðustu mætti gera bragarbót á því að leitast við að finna úrlausnir á einstökum málum meira út frá viðskiptalegum forsendum.

Fulltrúar Landsnets þökkðu ábendingarnar og töldu að vafalaust mætti gera betur varðandi þjónustu við viðskiptavini og að gjarnan gætti mikillar varkárni hjá Landsneti við ákvarðanatöku þar sem sérhver ákvörðun sem tekin er hefur stefnumótandi áhrif fyrir hið nýja umhverfi sem menn eru að fóta sig í.

Fleira ekki rætt og var fundi slitið kl. 15.30.